


STARA

Rit Sambands íslenskra myndlistarmanna



Stöndum saman að Degi myndlistar, stöndum vörð um Myndlistarsjóð



Ljósmynd: Hugi Hlynsson

Stjórn SÍM hvetur félagsmenn til að leggja sig fram við að gera Dag myndlistar sem veglegastan og vonar að allir landsmenn taki þátt í samtalinu. Dagurinn verður haldinn þann 1. nóvember 2014 og er hugsaður til að efla vitund samfélagsins á því hvað er að vera myndlistarmaður og auka þekkingu fólks á starfi íslenskra myndlistarmanna.

Sem fyrr verða vinnustofur opnar um allt land, myndlistarmenn kynna sig og störf sín í framhaldsskólum og grunnskólum landsins auk þess sem ný kynningarmyndbönd verða birt á heimasíðu Dags myndlistar og nýjar greinar um hagsmunamál listamanna verða birtar í fjölmiðlum. Vitundaráttak á borð við Dag Myndlistar hefur einungis þrífist og mun lifa áfram í gegnum frábært starf þeirra listamanna sem eru tilbúnir að stíga fram og kynna sjálfa sig og verk sín. Að auki vinna fjölmargir á bak við tjöldin, meðal annars hjá SÍM, svo dagurinn geti aukið skilning á störfum myndlistarmanna. SÍM mun leggja sig fram við að gera Dag myndlistar 2014 eftirminnilegan og þakkar Elísabetu Brynhildardóttur verkefnastjóra og öllum þeim sem koma að áttakinu.

Það er þversagnarkennt en á sama tíma og lagt er kapp á að kynna starfsgrein listamanna er verið að kippa stoðum undan einum af burðarliðum myndlistarstarfsemi hér á landi. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2015 verður framlag ríkisins til Myndlistarsjóðs 15 milljónir króna á næsta ári. Verði þessi tillaga að veruleika verður sjóðurinn einungis þriðjungur af því sem hann var þegar hann var stofnaður. Með öðrum orðum yrði sjóðurinn skorinn niður um 67% á aðeins þremur árum. Hlutverk sjóðsins er að efla íslenska myndlist með því að veita fjárhagslegan stuðning og kosta verkefni og stuðla með því að framgangi listsköpunar, kynningu og aukinni þekkingu á íslenskri myndlist.

Þessi niðurskurður bitnar á möguleikum lista- og fræðimanna til að sækja styrki til einstakra verkefna. Hann bitnar á aðilum sem vilja vinna að útgáfumálum, fólki með hugmyndir og fólki sem vill vinna sjálfstætt. Hann bitnar á myndlistar tengdum verkefnum; þeim sem koma að ritun, greiningu og miðlun vegna núlifandi listamanna og/eða menningararfsins á sviði myndlistar. Hann bitnar á grasrót og yngri myndlistarmönnum sem enn eru að vinna í að koma sér og sinni sköpun á framfæri. Hann bitnar á fólkinu í landinu.

Stjórn SÍM er ofboðið. Enginn sjáanlegur ávinningur er af þessum niðurskurði, en Myndlistarsjóður mun vart geta staðið undir lögboðnu hlutverki sínu. Því setti SÍM í september af stað undirskriftasöfnun þar sem félagið skorar á þingmenn að snúa þessari þróun við og standa vörð um nýstofnaðan Myndlistarsjóð. Viðbrögðin hafa verið frábær og hafa um þúsund manns skrifað undir. Undirskriftunum fylgja athugasemdir og er ein mér ofarlega í huga, eftir Auði Ómarsdóttur: *Menningarsnautt land er sálarlaust land. Það langar engan til að búa í sálarlausu landi, hvað þá heimsækja það.*

Fyrir hönd stjórnar
Jóna Hlíf Halldórsdóttir
Formaður SÍM

Nokkrar sekúndur á sýningu í Skúrnum



Heiðar Kári Rannversson

Menningarhúsið Skúrin er gamall ryðgaður vinnuskúr sem hefur fengið nýtt hlutverk að frumkvæði listamannsins Finns Arnars Arnarsonar og hýsir nú ýmsa listræna starfsemi. Upphaflega var Skúrin vinnuskúr sem listamaðurinn fann í Keflavík, en varð hluti af sýningu Finns Arnars í Neskirkju árið 2011.

Í dag hýsir hann sýningar annarra listamanna ásamt því að vera vettvangur fyrir ýmsa menningarstarfsemi víðs vegar um Reykjavík. Frá 4. september til 4. október stóð yfir sýning á verki Kristjáns Guðmundssonar, *Sýningarsekúndur*, en af því tilefni var Skúrin staðsettur fyrir framan garð við Grettisgötu 17.

Verk Kristjáns eiga rætur að rekja til hugmynda-listarinnar á 7. áratug síðustu aldar, sem stundum hefur verið kölluð bókstafleg list. Verkið *Sýningarsekúndur* mætti aftur á móti kalla tölulega list, en það samanstendur af tölvustýrðum skjá sem mælir tímalengd sýningarinnar; 2.592.000 sekúndur eða

nákvæmlega 30 sólarhringa. Niðurtalningin í sekúndum stendur yfir allan sýningartímann þangað til skjárinn sýnir töluna núll. Þegar mig bar að garði á Grettisgötu sýndi verkið til dæmis töluna 1.113.328 eitt augnablik, sem gefur til kynna að ég hafi verið á staðnum á sunnudagskvöldi þann 21. september. Verkið *Sýningarsekúndur* er raunar ekki nýtt verk eftir Kristján, en sett í nýtt samhengi í Skúrnum. Listamaðurinn sýndi verkið í aðeins annarri mynd á samsýningunni *Straumur/burðarás* í Listasafninu á Akureyri árið 2010. Hér var verkið aftur á móti skoðað í gegnum gluggann á Skúrnum og var sýningin í raun opin allan sólarhringinn, sem gerði

Skúrinn sjálfur megnar einmitt að gera það sem verk Kristjáns gera líka, að búa til eitthvað úr tóminu.

sýningartímamann ennþá sýnilegri og þar með áþreifanlegri.

Segja má að Kristján sé á kunnuglegum slóðum í Skúrnum, því hann hefur áður fengist við ýmsar mælieiningar vísindanna í verkum sínum, svo sem tíma, hraða, vegalengd og rými. Annar þáttur sem tengir verkið með beinum hætti við önnur verk listamannsins er hugmyndin um tómið. Niðurtalningin færir okkur nefnilega ekki að upphafi einhvers atburðar heldur einfaldlega að lokum sýningarinnar. Verkið er þannig með orðum Kristjáns sjálfs, sem hann lét falla um annað verk sitt; „bæði tómt og hlaðið“.

Menningarhús er ef til vill réttnefni yfir Skúrinn því ef litið er á dagskrá hans frá því sumarið 2012 má sjá að þar hafa farið fram tónlistar-, bókmennta- og myndlistarviðburðir sem komnir eru vel á annan tuginn. Hins vegar má líka fella Skúrinn undir skilgreininguna listamannarekið rými en hann fylgir hugmyndafræði og starfsháttum þess forms listrænnar starfsemi. Hann er starfræktur að frumkvæði listamanns og starfsemin sem þar fer fram byggir oftar en ekki á samvinnu listamanna.

Skúrinn er aftur á móti óhefðbundið rými því hann er færanlegur og sýningarnar aldrei á sama stað þrátt fyrir að rúmast innan sama rýmis. Hann minnir þannig á annað listamannarekið rými, Gallerí „“ sem var færanlegt gallerí í tösku, starfrækt í Reykjavík á 8. og 9. áratug síðustu aldar. Þrátt fyrir stærðarmun töskunnar og skúrsins liggur að baki starfseminni svipuð hugmyndafræði um „alternatíft“ sýningarrými sem mótvægi við hinar hefðbundnu liststofnanir svo sem söfn og sölugallerí.

Sýning Kristjáns varpar ljósi á sýningarrýmið sjálft sem í þessu tiltekna samhengi minnti mig á farandleikhús, þar sem sýningin sjálf er sviðsetning á

myndlistarverkinu. Verkið var skoðað í gegnum glugga, sem jók á skilin milli áhorfenda og listaverksins bak við glerið. Með því að fylgjast með niðurtalningunni, var ekki aðeins tími sýningarinnar gerður áþreifanlegur heldur gátu sýningargestir einnig fylgst með sínu eigin áhorfi, þ.e. hversu lengi þeir horfðu á listaverkið. Hér mætti jafnvel tala um ákveðna sviðsetningartilburði verksins svo notað sé alræmt hugtak Michaels Fried um minimalisma 7. áratugarins, sem hann taldi ganga gegn hinum sjónrænu og formrænu gildum sem listaverkið átti að fjalla um og takmarka sig við. Aftur á móti er ekki fjarri lagi að leiða hugann að leikhúsi í þessu samhengi, því Finnur Arnar hefur samhliða myndlistinni einnig starfað sem leikmynda- og sýningahönnuður og ekki ólíklegt að starfsferill hans hafi ósjálfrátt slæðst inn í túlkun mína á verki Kristjáns.

Hvað sem þessum tilburðum líður er verkið *Sýningararkúndur* ekki minnisstæðasta verk listamannsins sem ég hef séð (sjá mynd), en beinir aftur á móti athyglinni að rýminu þar sem það var sýnt með afdráttarlausum hætti. Skúrinn sjálfur megnar einmitt að gera það sem verk Kristjáns gera líka, að búa til eitthvað úr tóminu, í þessu tilviki að gera myndlist úr gömlum ryðguðum vinnuskúr. Skúrinn er gott dæmi um frumkvæði listamanna sem forvitnilegt verður að greina í samhengi afmarkaðs en afar mikilvægs þáttar íslenskrar myndlistar, það er listamannarekinna rýma. Þá verður spennandi að sjá hvar Skúrinn ber niður næst.



A few seconds at an exhibition in Skúrinn



Heiðar Kári Rannversson

The cultural center Skúrinn is an old rusty work shed. At the initiative of the artist, Finnur Arnar Arnarson, it has acquired a new role and functions as a space for various artistic activities. Originally Skúrinn was a work shed, which the artist found in Keflavík but became a part of Finnur Arnar's exhibition in Seltjarnarnes in 2011.

Today it functions as an exhibition space for other artists along with being a forum for various cultural activities around Reykjavík.

An exhibition by Kristján Guðmundson was on display from September 4th to October 4th where he showed the artwork *Sýningarsekúndur*. Skúrinn was located for that particular exhibition in front of a garden at Grettisgata 17. Kristján's work derives from the concept art of the 1960's, which has often been called literist art. In this case the

artwork, *Sýningarsekúndur*, could be called numerical art but it consists of a computer controlled monitor, which measures the duration of the exhibition; 2.592.000 seconds or exactly 30 days. The countdown is measured in seconds during the whole period of the exhibition until the number zero appears on the monitor. For instance when I arrived at Grettisgata the number 1.113.328 was on the monitor, which indicates that I was there on the Sunday evening of the 21st of September. The artwork, *Sýningarsekúndur* is in fact not a

new piece by Kristján but it has been put in another context in *Skúrinn*. The artist exhibited this work in a slightly different format in the group exhibition *Straumur/burðarás* at the Akureyri Art Museum in 2010. Then the piece was viewed through a window at *Skúrinn* and the exhibition was in fact open 24 hours, which resulted in making the duration of the exhibition even more visible and therefore more tangible.

It can be said that Kristján is on familiar ground, as he has worked before with various scientific measurements in his work, such as time, speed, distance and space. Another factor, which directly connects the piece to other artworks by the artist, is the notion of the void. The countdown does not bring us to the beginning of an event but simply towards the end of the exhibition. Kristján said about one of his artworks that it is “both voided and loaded”, which is fitting for this piece.

A cultural center is probably the right term for *Skúrinn* as almost twenty music events, literature events and visual arts events have taken place since the summer of 2012. On the other hand *Skúrinn* can be defined as an artist-run space as it follows the ideology and procedures of such an artistic platform.

It is run by the initiative of the artist and the operation is more often than not built on cooperation



Skúrinn is exactly capable of doing that and Kristján's artworks as well, making something of the void

between artists. *Skúrinn* is an unconventional space as it is mobile and the exhibitions are never at the same location even though they exist within the same space. It is similar to another artist-run space, *Gallerí, “*, which was a mobile gallery in a suitcase in Reykjavík in the 1970's and 1980's. Despite the differences in the size of the suitcase and the work shed, they both operate under a similar ideology of an alternative exhibition space providing contrast to the conventional art establishments, such as museums and commercial galleries.

Kristján's exhibition sheds a light on the exhibition space itself, which in this context reminded me of a production at a traveling theatre, where the exhibition is the staging of the artwork. The artwork is viewed through a window, which increases the distance between the viewers and the artwork behind the glass. By observing the countdown, the duration of the exhibition is not only tangible but the viewers could as well observe their own viewing, i.e. how long they were looking at the artwork. Using Michael Fried's notorious term about the minimalism of the 1960's, one could speak of a certain stage presence, which he thought defied the visual and formal values the artwork was supposed to address and limit itself to. Then again it is not far-fetched to think of a theater in this context as Finnur has worked concurrently with his art-practice as a set designer and costume designer and it is not unlikely that his career has unconsciously affected my interpretation of Kristján's piece.

In spite of these histrionics the artwork, *Sýningararkúndur* is not the most memorable work by the artist which I have seen but brings the attention to the space as it was exhibited explicitly. *Skúrinn* is exactly capable of doing that and Kristján's artworks as well, making something of the void, in this case creating visual art in an old rusty work shed. *Skúrinn* is a good example of the initiative of artists, which is intriguing to analyze in the context of a specific but very important part of Icelandic art i.e. the artist-run spaces. It will be exciting to see where *Skúrinn* pops up next.

Aðildarfélag

Textílfélagið



verkstæði Textílsfélagsins

Rætur þráðlistar liggja djúpt í íslenskri menningu. Öld fram af öld hafa Íslendingar unnið með þráð og voð. Það var neyðin sem kenndi naktri konu að spinna fyrr á öldum en í dag er það forvitnin, þekkingarþorstinn og sköpunarþörfin sem hvetur okkur áfram.



Frá litunarnámskeiði

Í nóvember árið 1974 var Textílfélagið stofnað af nemendum og kennurum textíleildar Myndlista- og handíðaskólans ásamt starfandi textillistamönnum. Árið 1970 hafði textíleild verið stofnuð við Myndlista- og handíðaskóla Íslands af þáverandi skólastjóra, Herði Ágústssyni. Félagið er eitt af aðildarfélögum SÍM, aðili að Hönnunarmiðstöð Íslands og aðili að NTA (www.nordictextileart.net).

Sama ár og félagið var stofnað varð Norræni textílríennalinn að veruleika. Textílfélagið var aðili að þessu framtaki frá upphafi og tók virkan þátt í að koma þessari stóru samnorrænu sýningu á fót. Síðasta sýningin var 1995.

Textílfélagið hefur haldið stórar samsýningar á fimm ára fresti og einnig hafa minni hópar innan félagsins staðið saman að sýningum. Félagar hafa farið ýmsar leiðir í listsköpun sinni, ofið, þrjónað, saumað, þrykkt, þæft, unnið pappír, hannað fatnað og annan textíl.

Textílfélagið stóð fyrir viðamikilli sýningu árið 2004, *Northern Fibre V* sem haldin var á Kjarvalstöðum. Í janúar 2009 var haldin fjölbreytt og yfirgripsmikil sýning í Gerðarsafni, og bar hún yfirskriftina *Þverskurður*. Sýningin var þrískipt, verk heiðurfélaga Textílfélagsins, verk nokkurra brautryðjenda í íslenskri textillist og samsýning valinna verka félagskvenna úr samtímanum. Árið 2011 var

Textílfélagið með þrjár sýningar samtímis á Listasumri á Akureyri, í Ketilhúsinu, Mjólkurbúðinni og í Hofi. Árið 2005 fékk Hrafnhildur Sigurðardóttir Norrænu textíilverðlaunin og er það í fyrsta skipti sem íslenskur textillistamaður hlýtur norræna viðurkenningu. Árið eftir var Sjónlistarorðunni úthlutað í fyrsta skipti fyrir myndlist. Hildur Bjarnadóttir hlaut hana og var það mikill heiður fyrir textílmundlist í landinu. Hrafnhildur Arnardóttir hlaut norrænu textíilverðlaunin árið 2011. Þá var Hólmfríður Árnadóttir, heiðursfélagi í Textílfélaginu, sæmd heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu 17. júní 2009.

Í maí 2009 opnaði félagið textílverkstæði á Korpúlfsstöðum. Þar geta bæði félagsmenn og aðrir leigt sér tímabundna aðstöðu. Sjá nánar á facebook (Textílverkstæðið Korpa).

Á þessu ári fagnar Textílfélagið 40 ára afmæli og hélt af því tilefni nokkrar sýningar víðs vegar um landið. Fyrsta sýningin var opnuð utandyra á sumardaginn fyrsta að Fífilbrekku í Eyjafjarðarsveit, sú næsta í Bláa húsinu á Siglufirði og sú þriðja var á tveim kaffihúsum, Halldórscaffi og Suður-Vík í Vík í Mýrdal. Síðasta afmælissýningin stendur yfir í október í SÍM-salnum í Reykjavík. Félagsmenn eru nú 75 og heimasíða félagsins er www.tex.is.



Íris Ólöf Sigurjónsdóttir

Atriði úr starfsumhverfi myndlistarmanna:

Brandari, dularfull ráðgáta eða eitthvað allt annað?



Spil á hendi, Eirún Sigurðardóttir, 2013

Eirún Sigurðardóttir
Myndlistarmaður

Uhh, ertu ekki að djóka! Er myndlistarmönnum sem boðið er að sýna ný verk á Listasafni Íslands ekki borguð laun fyrir að vinna að sýningu fyrir safnið? Það verður að segjast eins og er að það er frekar absúrd að svara því neitandi þegar stórum spurnaraugum er beint að manni.

Þetta er óneitanlega frekar skrýtin staða því það eru sennilega ekki mörg dæmi um starfsstéttir sem vinna kauplaust fyrir lykilstofnanir á sínu sviði, þrátt fyrir að vera burðarásar þessara stofnana. Það skal tekið fram að starfsfólk Listasafnsins kemur til móts við sýnendur eftir bestu getu en um bein laun til myndlistarmanna er

ekki að ræða. Ástæðan fyrir því að ég tek Listasafnið sem dæmi í tengslum við starfsumhverfi myndlistarmanna er vegna stöðu þess sem höfuðsafns myndlistar á Íslandi en safninu virðist gert að starfa innan ákaflega þröngs fjárhagsramma miðað við skyldur sínar.

Til þess að setja þessa dularfullu stöðu myndlistarmanna í víðara samhengi er hægt að bera kjör þeirra saman við aðrar starfsstéttir t.d. bera saman kjör myndlistarmanna sem er boðið að sýna á Listasafni Íslands og kjör lausráðinna leikstjóra sem er boðið að sýna hjá Þjóðleikhúsinu. Þessi samanburður er ekki úr lausu lofti gripinn því að myndlistarmenn bera sambærilega ábyrgð og leikstjórar gagnvart sýningum sínum og þessar stofnanir teljast báðar til höfuðstofnana innan sinna listgreina. Bæði myndlistarmenn og leikstjórar koma tímabundið að þessum menningarstofnunum og leggja til krafta sína, listræna hæfileika, reynslu og metnað. Báðir eru listrænir stjórnendur og bera ábyrgð á því að verkefnið gangi upp og sé skilað á réttum tíma í góðum gæðum. Einnig mætti benda á að þegar myndlistarmenn sýna t.d. innsetningar og gjörninga eru sýningarnar einnig jafn stað- og tímabundnar og hver önnur leiksýning.

En ef samningar myndlistarmanna við Listasafnið eru bornir saman við samninga lausráðinna leikstjóra við Þjóðleikhúsið verður staða okkar myndlistarmanna frekar undarleg.

Gert er ráð fyrir að lausráðinn leikstjóri við Þjóðleikhúsið fái greidd laun fyrir vinnu sína sem samsvarar 5 mánaðarlaunum skv. samningi Félags leikstjóra við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs sem Þjóðleikhúsinu ber að fara eftir og fær væntanlega fjárveitingar samkvæmt. Engir sambærilegir samningar hafa verið gerðir af Sambandi íslenskra myndlistarmanna sem tryggja mundu myndlistarmönnum laun fyrir vinnu sína og safninu fjárveitingu til þess að greiða þeim launin. Það er því einstaklega ánægjulegt að vita til þess að nú er verið að leggja áherslu á hagsmunamál af þessu tagi innan Síms og óskandi að um þau náist breið samstaða og þau fái skjóta framgöngu.

Ef haldið er áfram með samanburð lausráðinna

leikstjóra og myndlistarmanna þá er gert ráð fyrir því hjá Þjóðleikhúsinu að leikhúsið standi straum af öllum kostnaði við framkvæmd sýninganna. Hins vegar er gert ráð fyrir því að myndlistarmenn standi straum af öllum kostnaði við framkvæmd verka sinna og komi með þau, í flestum tilvikum, tilbúin inn á Listasafnið, sem síðan kostar vinnu við aðlögun á sýningarrými sínu. Þetta er sambærilegt við það að leikstjóra væri boðið að vinna kauplaust að leiksýningu fyrir Þjóðleikhúsið sem hann ætti svo að kosta að fullu og koma með nánast tilbúna til sýningar. Aðstöðumunur þessara tveggja starfstétta er því nokkuð mikill og ástæða til þess að skoða hvað við myndlistarmenn getum gert til þess að rétta okkar hag og fá greidd laun fyrir okkar vinnu.

Maður getur ekki annað en velt fyrir sér í hverju sameiginleg hagsmunabarátta okkar myndlistarmanna hefur verið fólgin á síðustu misserum. Eða erum við sáttt við að vera nokkurs konar listrænir niðursetningar í þessu samhengi? Það er ekki beinlínis valdeflandi að setja sig í þau spor en smám saman eftir 18 ára starf í faginu fara aumingjaskilaboðin sem starfsumhverfið býður upp á að smjúga inn í merginn. Það vill maður ekki. En hvernig er hægt að breyta þessari stöðu myndlistarmanna og á hverra valdi er það? Hagsmunasamtaka listamanna/Sím? Safnanna sjálfra? Fjármálaráðuneytisins? Menningar- og menntamálaráðuneytisins? Mínú? Þínu? Ég held það sé allavega ljóst að ef við myndlistarmenn viljum láta bera virðingu fyrir starfi okkar og framlagi til samfélagsins og listarinnar verðum við að standa saman og gera kröfur um viðunandi starfs-umhverfi. Dæmin hér á undan um mismunun listgreina milli tveggja opinberra stofnana er allt hið súrasta mál fyrir myndlistarmenn og hinn opinbera geira sem metur vinnuframlag innan listgreinanna svo ójafnt til fjár. Þetta eru kannski engin sérstök geimvísindi, við myndlistarmenn þurfum að tala um réttindamál okkar og berjast fyrir þeim, sumt er bara ekki í lagi.

Eirún Sigurðardóttir er sjálfstætt starfandi myndlistarkona. Hún er einnig stofnandi og 1/3 Gjørningaklúbbsins/The Icelandic Love Corporation sem hefur verið starfandi frá 1996 og sýnt fjölda sam- og einkasýninga víða um heim. Eirún hefur kennt reglulega við Listaháskóla Íslands frá

2001. Hún hefur jafnframt verið í stjórn Nýlistasafnsins og Myndhöggvarafélagsins. Hún útskrifaðist frá Myndlista- og handiðaskóla Íslands 1996 og stundaði tvö ára framhaldsnám við Hochschule der Künste Berlin en býr nú og starfar í Reykjavík.

Tales from the field of visual artists: *A joke, enigma or something entirely different?*

Eirún Sigurðardóttir
visual artist

Ugh, are you kidding me? Does the Icelandic National Gallery not pay the artists who are working towards an exhibition for the museum? It is rather absurd to give a no when faced with this perplexing question.

This is undeniably an odd situation as there are probably not many examples of other professions where people work without pay for the leading establishments in their field, despite the artists being the pillars of these institutions. It must be noted that the Icelandic National Gallery's employees make every effort to accommodate the artists' needs but that does not include salary for the artists. The reason I use the Icelandic National Gallery as an example for the work environment of visual artists is because of its position as the leading art museum in Iceland but the museum's budget is very tight considering its obligations.

To put this mysterious position of visual artists in a wider context it is helpful to compare their situation to other professions, such as comparing the position of visual artists, who are invited to exhibit at the Icelandic National Gallery, to

the ones offered to directors at the National Theatre of Iceland, who are hired temporarily to stage a show. This comparison is not entirely unfounded as visual artists and theatre directors share similar responsibilities towards their exhibitions and shows and both institutions are considered being the leading establishments in their field. Visual artists and directors alike work temporarily for these cultural institutions and contribute their resources, artistic abilities, experience and ambition. Both act as artistic directors and are responsible for the projects being well executed and ready on time. In addition, installations and performances by visual artists are equally site-specific and temporary as theatre productions. Our position becomes quite odd if the Icelandic National Gallery's agreement with visual artists is compared to the contracts of the directors at The National Theatre of Iceland.

According to the Directors Association's contract with the Ministry of Finance, a freelance director at the National Theatre of Iceland receives the equivalent of five months salary, which the National Theatre of Iceland is obliged to follow and is presumably reflected in the budget. The Association of Icelandic Artists (SÍM) has not made any agreements to ensure that visual artists get paid for their work for the National Gallery and neither is the museum's budget sufficient to do so. It is great to know that SÍM is now putting emphasis on these matters and hopefully they will receive solidarity in the field and a swift advancement.

To continue with the comparison of freelance directors and visual artists, the National Theatre of Iceland is supposed to cover all production cost for the execution of shows. On the other hand it is expected that visual artists cover the cost of the production of their work themselves and deliver their work, in most cases completed, to the Icelandic National Gallery, which then finances the necessary adjustments of its exhibition space. This is equivalent to a director being offered to direct without pay for the National Theatre of Iceland, where he/she would have to cover all costs and deliver a production, almost ready for premiere. The difference between the working conditions of

these two professions is quite extensive and there is a reason to examine what we, the visual artists, can do to improve our situation and receive salary for our work.

One cannot help but wonder what the focus of the fight for our interest has been these past years. Are we perhaps satisfied with being some sort of artistic paupers? This scenario is not exactly empowering but after having been in the profession for 18 years the message of being somehow unworthy starts seeping in. That is a disturbing thought. But how can the situation of visual artists be changed and who is in the position to do so? SÍM? The museums? The Ministry of Finance? The Ministry of Education, Science and Culture? Me? You? In any case I think it is very clear that if we, the artists, want to be respected for our work and contribution to the society and the arts, we have to stick together and demand an acceptable work environment. The before mentioned example of the difference between these two national institutions is indeed an utterly undesirable scenario for visual artists and the public sector, which financially values these two art forms so unequally.


This is perhaps no rocket science but we, the visual artists, need to discuss our rights and fight for them. Some things are just not right.

Eirún Sigurðardóttir is a visual artist. She is also the founder and 1/3 of Gjørningaklúbburinn/ The Icelandic Love Corporation, which has been operating since 1996 and exhibited in numerous group shows and solo shows around the world. Eirún has taught on a regular basis at the Icelandic Academy of the Arts. She was also on the board of the Living Art Museum and The Reykjavík Association of Sculptures. She graduated from The Icelandic College of Art and Crafts and studied at the Hochschule der Künste in Berlin. Eirún lives and works now in Reykjavík.



Gestavinnustofan

Math Monahan vinnur aðallega í ljósmyndum og skúlptúr en hann útskrifaðist með BFA í teikningu frá Milwaukee Institute of Art & Design, og stundar nú MFA nám við Stamps School of Art & Design, í Michigan háskóla. Math sagði okkur frá sinni fyrstu gestavinnustofudvöl.



Math Monahan, Seven Arrows



Myndir af Seven Arrows sem var unnið í gestavinnustofunni og sýnt á Bad Weather.

Er þetta í fyrsta skipti sem þú ert á vinnustofu?
Þetta var fyrsta gestavinnustofudvöl mín.

Af hverju Ísland?

Ég valdi Ísland vegna þjóðsagnanna. Verkin mín fela í sér munnmælasögur, þjóðsögur og goðafræði. Ég hef verið að lesa allar sögur sem ég hef komist í og íslensku þjóðsögurnar stóðu upp úr. Ég ákvað að ég þyrfti að sjá hversu lifandi þessar sögur eru í dag og hvaða hutverki þær hafa gegnt í gegnum aldirnar.

Hvar heyrðir þú fyrst af gestavinnustofu SÍM?

Ég byrjaði að leita að gestavinnustofu á Íslandi haustið 2013. Ég vissi að ég vildi koma til landsins til að vinna að rannsóknum og fannst að gestavinnustofa væri tilvalin til þess því þar hefði ég aðstöðu til að skapa ný verk.

Að hverju vannst þú í gestavinnustofu SÍM?

Markmið mitt var upphaflega að vinna að rannsóknum í gestavinnustofunni. Ég stunda um þessar mundir meistarnám við Stamps School of Art & Design, í Michigan Háskóla. Þetta var sumarið á undan lokaárinu mínu (ritgerðarárinu) og ég vildi rannsaka sjálfur íslenskar þjóðsögur til að undirbúa mig fyrir ritgerðina mína. Þegar ég var í gestavinnustofunni byrjaði ég á verki sem felur í sér ýmsar sögur, sögur sem ég samdi sjálfur, og eðli munnlegra frásagna. Ég bjó til skúlptúr, sem var svört

ör, sem var hengd upp í galleríinu. Örin var þakin handskrif-uðum gulllituðum orðatiltækjum. Orðin voru brot úr öðrum sögum og sögum sem ég hafði skrifað. Sum þeirra voru auðlesin en viljandi gerði ég erfitt að lesa önnur, ef til vill var einungis eitt orð læsilegt. Þetta gerði ég í þeim tilgangi að fá áhorfandann til að búa til sína eigin sögu. Hvað er þessi svarta ör? Er hún gríðarstór eða skrapp ég saman? Er hún að fljúga eða falla? Síðan myndu kaflar halda áfram að bætast við söguna. Það væri næstum því ómögulegt að finna sömu setningarnar í hvert sinn sem áhorf-andinn virti örina fyrir sér og því héldi sagan áfram að breytast og þróast líkt og munnmælasögur gera.

Telur þú að vinnustofurnar og/eða Ísland hafi áhrif á vinnuna þína?

Algjörlega! En auðvitað er það tilgangurinn. Nú til dags getur þú unnið rannsóknarvinnu nánast hvaðan sem er í heimunum. Þrátt fyrir að ég gæti lært um íslenskar þjóðsögur heima þá vildi ég læra og skapa verk þar sem þessar sögur eru upprunnar. Ég vildi standa undir klettunum sem líta út fyrir að vera tröll í fjöllunum, sjá skuggamyndir huldufólksins á þokukenndu kvöldi og finna fyrir nærværu nornanna á Vestfjörðum. Eitt er að lesa og skilja en allt annað að upplifa. Þetta er mjög mikilvægur þáttur í sköpunarferlinu.



Mynd af Between Tides gjörningi (<http://www.mathmonahan.com/between-tides.html>)

Sástu einhverjar listasýningar sem höfðu áhrif á þig á meðan á dvölinni stóð?

Þegar ég var á Íslandi þá var rannsókn mín á þjóðsögum aðal fókusinn. Ég fór samt í nokkur gallerí og söfn í Reykjavík. Uppáhaldsgalleríið mitt var i8. Mér fannst sýning Peter Liversidge áhugaverð, sérstaklega bátarnir sem gerðir voru úr rekavið og sigldu á milli steinsteypuveggjanna.

Hefur þú myndað ný tengsl á meðan á dvölinni stendur sem gætu nýst þér?

Þegar ég var í Reykjavík kynntist ég Magnúsi Skarphéðinssyni. Magnús nam sögu við Háskóla Íslands og hefur rannsakað íslenskar þjóðsögur í 40 ár, sérstaklega

sögur um huldufólk og Íslendinga sem hafa átt samskipti við það. Hann hafði einnig gert álíka rannsóknir í yfir 40 löndum.


Var eitthvað sem kom þér á óvart í íslenska myndlistarlífinu?

Ég var aðallega upptekinn við mína eigin vinnu og nýtti eiginlega ekki tækifærið til þess að kynna íslenska myndlistarlífinu almennilega. Það er svo margt hægt að skoða og upplifa, ég gæti eytt næstu fimm sumrum í Reykjavík og samt ekki séð allt!

Heimasíða: www.mathmonahan.com

SÍM RESIDENCY

Math Monahan recently participated in SÍM residency. He graduated with a BFA in drawing from the Milwaukee Institute of Art and Design and is currently working on a MFA from Stamps School of Art & Design, University of Michigan. His favored mediums are sculpture and photography.



From the series Specimen

All images Math Monahan

Is this the first time you do a residency?
This was my first residency

Why Iceland?

I chose Iceland for its folklore. Recently, my work has incorporated storytelling, folklore and mythology. I have been reading all the stories I can get my hands on and the Icelandic folklore stood out the most. I decided I needed to see how present these stories are in the contemporary landscape, as well as how they have functioned over many centuries.

Where did you first hear about the SIM residency?

I began my search for a residency in Iceland in the fall of 2013. I knew I wanted to do research in the country and thought a residency would be the perfect home base with the benefit of space to create work.



Image of the piece Seven Arrows created during the residency and exhibited in Bad Weather.

What were you working on at the SIM residency?

My initial goal when coming to the residency was research. I am currently working towards my MFA at the Stamps School of Art & Design, University of Michigan. This past summer was the summer before my last year (thesis year) and I wanted to research the folklore of Iceland first hand to prepare myself for working on my thesis. While in the residency, I began a piece involving various stories, stories of my own making and the oral nature of storytelling. I constructed a sculpture of a large black arrow suspended in the gallery. The arrow was covered in gold handwritten phrases. The words were clips from other stories and stories I had written. Some were easy to read while others were meant to be unclear with maybe one distinguishable word. In doing so, I intended the viewer to approach the piece and begin to put together their own story in their mind. What is this black arrow? Is it huge or am I shrunken? Is it flying or falling? Then the pieces of story would continue to add to their narrative. Each time the viewer would approach the arrow it would be almost impossible to find the same set of words so the story continued to change and grow much like storytelling.

Do you feel that the residency and/or Iceland is affecting your work?

Absolutely! But, of course, that is what is meant to happen. These days you can do research from almost anywhere in the world. While I could learn about Icelandic folklore from home, I wanted the experience of learning and creating work in the landscape that these stories developed from. I wanted to stand under the rocks that look down as trolls on the mountain, to see the dark silhouettes of Huldufólk on a misty evening, and to feel the wind of the witches in the Westfjords. It is one thing to read and understand, while quite another to experience. This is crucial within the creative process.

During your stay in Iceland, did you see any exhibitions that affected you?

While in Iceland, my main focus was research on folklore. However, I was able to visit some galleries and museums while in Reykjavik. My favorite



From the installation Between.

gallery was i8. I really enjoyed Peter Liversidge's exhibition, in particular the small driftwood boats sailing across concrete blocks.

Whilst in Iceland did you make any new connections that you might benefit from?

While in Reykjavik I was able to connect with Magnus Skarphedinsson. Mr. Skarphedinsson studied history at the Icelandic University and has been researching Icelandic folklore for over 40 years, in particular the huldufólk or "hidden people" and the Icelanders that have personally had contact with them. He has also done similar research in over 40 countries.

Was there anything about the Icelandic art scene that surprised you?

Again, I was so wrapped up in my own work that I don't think I took advantage of the Icelandic art scene around me. There was so much to take in, I could spend the next five summers in Reykjavik and still not see it all!

Website: www.mathmonahan.com



Book(mark) sculpture.

Nýbreytni í framsetningu

staðreynda

Tónninn í sýningarrýminu



Ljósmyndir Arna G. Valsdóttir

Pálína Guðmundsdóttir
myndlistarmaður og Fræðslufulltrúi hjá Listasafninu á Akureyri

Nýverið stóð yfir sýning Örnú G. Valsdóttur, Staðreynd, í Listasafninu á Akureyri. Arna sýndi þar sjö myndbandsverk sem tekin voru upp á mismunandi tíma og í ólíkum sýningarrýmum. Hún kannar sýningarrýmin með því að teikna inn í þau með röddinni, eins og hún sjálf orðar það, og kynnist þannig hverjum stað.




Í sýningarskrá hefur Hlynur Hallsson, safnstjóri Listasafnsins á Akureyri, skrifað: „Á sýningunni *Staðreynd – Local Fact* fáum við að sjá myndbandsverk sem Arna hefur sett upp á síðustu sjö árum ásamt nýju verki sem er sérstaklega gert fyrir þessa sýningu auk verksins *La frá árinu 1988* sem markar ef til vill upphafið á rýmistengdum verkum Örnú“.

Margir listamenn hafa sjálfir komið fram í myndbandsverkum sínum og sumir hafa notað röddina. Arna gerir hvort tveggja en sérstaða hennar er m.a. fólgin í því hvernig hún nýtir sýningarrýmið og auk þess á hún að baki nám í söngtækni og raddbeitingu þó hér nýti hún röddina í óhefðbundnu samhengi. Verk Örnú eru formsterk auk þess að vera blæbrigðarík tónlistarupplifun. Arna syngur annars vegar þekkt lög Billie Holiday og hins vegar parta úr íslenskum sönglögum eða þá spinnur laglínur sem hún raular. Útkoman er áhugaverð hljóðblöndun, mismunandi eftir því hvar áhorfandinn er staddur í rýminu. Hljóðblöndunin og það hvernig myndverkin vinna með þá staði þar sem myndböndin eru tekin upp gerir það að verkum að rýmisvitund

áhorfandans breytist og veggirnir eins og þenjast út og viðkomandi getur skynjað sig í alveg nýju og áður óþekktu rými.

Til að útskýra þetta eilítið nánar þá er eins og salir Listasafnsins séu ekki lengur eins og við þekkjum þá heldur mun stærri og víðara til veggja í rökkrinu á sýningunni. Þannig reynir sýningin á mismunandi skynfæri áhorfandans; býður upp á nýja upplifun í nýju rými. Hendur og fætur koma mikið við sögu í verkunum og annars vegar líta þau út eins og einhvers konar risavaxnir skúlptúrar sem lifa sjálfstæðu lífi og hins vegar tengjast þau áhorfandanum í einhverri grundvallartilfinningu. Arna segir um verk sín: „Ég leyfi því viðkvæma og brothætta að koma fram og sennilega er það þráin eftir því að viðurkenna tilveruna eins og hún birtist mér sem er undirliggjandi tónn í þeim öllum“. Arna talar um mikilvægi þess að ritskoða hvorki myndina né hljóðið, heldur láta upprunalega ferlið njóta sín. Gefin var út vönduð sýningarskrá með sýningunni sem lauk 12. október.



VINNUSTOFAN

Logi Bjarnason

Nýlendugata 14



„Í fullkomnum heimi væri myndlist.. í rauntíma“

Menntun/bakgrunnur

Meisterschüler, Freie Kunst frá Städelschule (Staatliche Hochschule für Bildende Künste) í Frankfurt am Main árið 2012 og með B.A. próf í myndlist frá Listaháskóla Íslands árið 2008. Einnig tók ég eina önn í heimspeki við Háskóla Íslands, var skiptinemi eina önn í Weissensee í Berlín þegar ég var í LHÍ og allt byrjaði þetta í fornáminu í Myndlistaskólanum í Reykjavík.

Miðill

Ég lít á sjálfan mig sem málara, neo-concept málara. Fyrir mér snýst þetta aðallega um að koma hugsunum mínum á miðil og það er ekki endilega fast hvernig ég geri það. Þó ég líti á mig sem málara þá vinn ég með alla miðla. Ég hef meira vald á sumum miðlum en þetta snýst ekki alltaf um fullkomnun heldur frekar um samvinnuna á milli mín og einhvers æðra þar sem ég verð að leyfa hlutunum að gerast og ekki stjórna of mikið.

Hvar er vinnustofan þín?

Ég er nýkominn með vinnustofu á Nýlendugötu 14. Alveg frábær vinnustofa á besta stað með útsýni yfir höfnina.

Hvaða verkefni eru framundan hjá þér?

Næst á dagskrá er vinnustofudvöl í vinnustofu SÍM í Berlín í desember. Ég er nýbúinn að leggja lokahönd á nýtt myndbandsverk sem sýnt verður á næstunni í Nýfundnalandi í Kanada og er unnið út frá gjörning sem ég gerði í Þýskalandi. Í Städelschule var áherslan á tilraunakennda og heimspekilega nálgun á myndlist og ég hef unnið mikið með tengslin milli málverksins og gjörninga. Í útskriftarverkinu mínu notaðist ég einmitt við „möntru hlaup“ sem ég skráði og yfirfærði yfir á striga. Ég sýndi verkið svo sem málverk/skúlpúr, sem niðurstöðu líkamlegrar athafnar sem varð að eins konar mynstri. Þessa dagana er ég að undirbúa mína fyrstu einkasýningu sem verður snemma næsta árs og mun ég halda áfram að rannsaka þessi tengsl og sýna afraksturinn.

Hversu mikilvægt er fyrir þig að vera með vinnustofu?

Það er sérstaklega mikilvægt að því leyti að maður er meira í húsum hæfur á sínu eigin svæði og getur haft allt út um allt svona eins og í ADD heila. Þetta er nauðsynlegt fyrir manneskju eins og mig til að ná heilli hugsun. Vinnustofan verður eins og mindmap af ruglinu þar sem maður getur sótt það áhuga-verðasta úr hverju sinni og haldið áfram að vinna með.

Lýsing á vinnustofunni (í 20 orðum)

Borð, stóll, cool fundið stuff og quality stuff eins og 85% súkkulaði, espressomaker og ferskt loft.

Hvert er markmiðið/toppurinn í starfinu?

Að búa til eitthvað frá sjálfum mér í þennan heim, eitthvað sem ekki er nú þegar hér. Þetta snýst að miklu leyti um að hafa gaman af því sem maður er að gera. Það er toppurinn þegar maður kemur á framfæri því sem maður er að hugsa í verkunum.

Af hverju ertu myndlistarmaður?

Í fyrirmyndarríki Platós var engin myndlist svo að fólk myndi ekki fara af leið samkvæmt eiginlegum markmiðum ríkisins. Ég skráset söguna á myndrænan hátt út frá minni og sýn sem er oft ekki nema í abstrakt formi. Uppreisn er líka hluti af því.

Í fullkominni veröld væri myndlist...

Í rauntíma.

*Mottó*

Aldrei að gefast upp.

Áhrifavaldar

Ég hef mikið litið til nýlátinna erlendra listamanna eins og *Sigmar Polke*, *Mike Kelley* og *Jack Goldstein* og þeirra sem eru enn lifandi og blanda saman miðlum, t.d. myndverkum og málverki eins og *Morgan Ficher* og *Tony Konrad*. Í dag er fullt af upprennandi og áhrifamiklum kvenlistamönnum sem ég hef verið svo heppinn að kynnast í gegnum LHÍ, sýningar og Nýló og auðvitað verður maður fyrir áhrifum frá þeim sem maður umgengst daglega í listinni.

Hvað er SÍM fyrir þér?

SÍM fyrir mér er aðallega tengslanet við aðra listamenn. Mér líst vel á áherslur nýrrar stjórnar að ætla að skoða starfsumhverfi listamanna og vonandi styrkist kjarabaráttan.

Af hverju gerðist þú félagi í SÍM?

Ég gerðist aðili að SÍM til að vera í tengslum við aðra listamenn og einnig til að hafa aðgang að vinnustofum SÍM.

Hvaða kostir eru við það að vera félagi í SÍM?

Helstu kostirnir í dag eru tengslin, það að hafa aðgang að vinnustofum SÍM sem og styrkjum. Ef SÍM fær inngöngu í BHM með tilheyrandi eflingu í kjara- og réttlætismálum þá getur styrkur SÍM orðið enn meiri.

Heimasíða:

<http://logib.tumblr.com/>

Póstkort

Sjö veggverk fyrir Ver

Valgerður Bergsdóttir. Punktar fyrir Störu í okt. 2014



Ljósmynd: Guðmundur Páll Ólafsson

tshús



I. Sviðsmyndin er 8. áratugurinn í Flatey.

Verk margra listkunnandi og annarra sem fást við sköpun af ýmsum toga hafa sprottið upp af rötarneti bæði félagstengsla en umfram allt nefnd mögn eyjarinnar í miðjum Breiðafirðinum. Það er á engan hallað þó að í þessum svipmyndum sé aðeins getið um þrjú þeirra sem unnið hafa með og í anda náttúrumagna staðarins. Þau eru Guðmundur Páll Ólafsson líffræðingur (1941-2012) og myndlistarmennirnir Jón Gunnar Árnason (1931-1989) og Rúrí.

Ég nefni hér í upphafi nokkur atriði sem tengja Jón Gunnar við myndlistarsenuna í aðdraganda að stofnun SÍM. Hann var sá sem tók þátt í listsviptingum tímabilsins erlendis þegar í upphafi 7. áratugarins og skaraði sundur með stofnun og þátttöku í SÚM 1965-75. En hann gerist síðan einnig sá brúarsmiður sem þar var til stofnað og bjó til tengingar yfir heima vegna staðsetningar sinnar á þessum stað og tíma. Hann var þátttakandi í/og aðstoðarmaður Ragnars Kjartanssonar við sýningar á Skólavörðuholti 1967-72 og við stofnun Myndhöggvarafélagsins 1972. Jón Gunnar og Rúrí áttu með öðrum frumkvæði í tilhögun Nýlistasafns 1978. Þau voru síðan samstarfsmenn um tilurð SÍM í upphafi 9. áratugar, ásamt undirritaðri, og svo fleirum, þá vorum við öll tengd félagsmálum myndlistarmanna. En þau tengsl voru einnig ættuð frá Flatey.

II. Á vorönn 1974 var ég við kennslu í Ásmundarsal – í Myndlistaskólanum.

Í Gryfjunni var Jón Gunnar við kennslu í *deild í mótun* innan MHÍ, í samtímalist. (Hörður Ágústsson skólastjóri stofnaði til þeirrar deildar upphaflega.) – Nemendurnir Rúrí, Þór Vigfússon og fleiri voru að vinna *Umhverfisverk*. Svart plast og hvítt gifs breiddist um skólann. Innsetning var nýmæli á þeim tíma. Jón Gunnar vann innsetningu – eins konar völunderhús – í SÚM strax árið 1970. Síðar á 8. áratugnum átti völunderhúsið eftir að umhverfast í andstæðu sína, í verk endurspeglunar, teiknað var með geislum sólarinnar vestur í Flatey. Um sumarið var þar mikil veðursæld. Nemendur Jóns fluttu efni í borð, polla og bryggjudekk á höndum langan veg frá bryggjunni eftir veginum og niður í þorpið að Vertshúsi. Borðið stendur framan við húsið og var oft umsetið komumönnum til skemmri tíma, flestir þeirra myndlistarmenn. Hér eru nefndir meðal annarra Gylfi Gíslason og Ólafur Lárússon (hans var dúkurinn í kríuvarpinu í Skansmýrinni). Baturinn kom einu sinni eða tvisvar í viku. Ólafur Jónsson var Vertshúseigandi. Jón Gunnar átti þar samastað, síðar einnig Rúrí og Þór.

III. Guðmundur Páll Ólafsson var við athugun á ríki fjörunnar.

Guðmundur vann á þann hátt að tengja og auka við. Setja saman myndlist og fræði. Minnisstæðar eru skyggjur af fjöru, neðansjávar-myndheimi, bóklýsingar, umræður um mál sem skiptu miklu, gjarnan yfir málsverði í eldhúsi Vorsala. Guðmundur Páll var heilshugar og sannur í afstöðu sinni til lífríkisins. Hann hreif menn með sér í samhug um að varðveita og sinna allri nálgun við

náttúruna með sjálfbærni að hugsjón og lífsstíl. Hugað var að sambúð manns og lands, fjöru og hafs, jafnt sem á þeim tíma að búskaparháttum og nýtingu eyjahlunninda. Hann var völunder og tvinnadist saman líf hans, veran í eyinni, ferðir vegna útgáfu og ljósmyndunar. Guðmundur hafði ómæld áhrif á nærstadda. Það var gestkvæmt hjá honum á þessum árum, Guðmundur tengdi fólk í samræðu sem varð kveikjan og fluttist milli húsa í plássinu. Síðar birtust eftir hann niðurstöður rannsókna í einstakri ritröð sem var lokað árið 2013 að honum látnum með tímamótaverkinu *Vatnið í náttúru Íslands*.

IV. Við vorum í Nýjahúsi.

Hjá okkur dvöldu vinir og hjálparar við leit að húsinu innan í utaná skúrum, Hjörleifur Stefánsson kom og gerði rannsókn. Á þessum árum upphófst tímabil húsafríðunar og varðveisla þeirrar arfleifðar. Minna má á baráttu fyrir – og uppbyggingu Torfunnar. Símsstöð plássins var miðja, þá stýrt af Jóni Yngva og Ingibjörgu. Jan Voss hafði vinnustofu í Frystihúsinu, Steinar Sigurjónsson var í Hölluhúsi. Og svo fleiri. Kristján Guðmundsson og Solveig sinntu símsstöðinni um skeið. Atli Heimir festi nótu á vegg: *Hljómlist fyrir himininn*. Ásgarður, hús ættar hans, er fyrir miðju plássinu og horfir við Silfurgarðinum.

V. Nína Björk Árnadóttir og Bragi Kristjánsson voru í

Vegamótum. Nína lánaði gjarnan húsið. Þar dvaldi meðal annarra Guðbergur og færði ljóðfórni til Freyslíkneskis Jóns Gunnars sem stendur í Tortu.

Nína hvarf úr eyjunni. Um haustið varð Vegamót alelda. Fuglinn var floginn, það var tunglskin og stórstreymt í Grýluvoginum. Haust – þögn.

Ljóð Nínu Bjarkar í minningu hennar:

Sjálfsmynd: Hjartað í mér/ er fugl vestur í Flatey/ Hvernig ættir þú/ margslungna mann-eskja/ að geta skilið það

VI. Guðmundur Páll skrifar um þetta tímabil í sögu Flateyjar í sýningarskrá um verk Jóns Gunnars Árnasonar:

Hugarorka og sólstafir. Til stóð að stofna verkstæði myndlistarmanna í Klausturhólum á háeynni en umsókn um það var hafnað. Járnsmiðja Jóns og Rúriar var síðar flutt úr Sláturhúsinu, smiðju Guðmundar, og komið fyrir í öðru rými á Korpúlfsstöðum. Guðmundur telur að þau tímabil Jóns Gunnars þegar hann sótti Flatey heim hafi breytt hugsun hans og listformi. Hér var áður minnst á nokkurskonar völuarhúsi frá sýningu hans í SÚM árið 1970, verk sem umlukti m.a. slungna hnífa og slíður. Mörg verk Jóns voru tvíátta, blandin ögrun eða Loka-dans/ með þátttöku áhorfandans, teflt var fram stálbryddum hnífaskúlptúrum. En verk Jóns frá 8. áratugnum eru fremst sólarinnar. Var hann að fást við forn trúarmögn? Með tvíáttu yfirvaldi líkt og í Vedatrú: Míttra - Varuna. Verkin umhverfast í andstæðu sína. Lognslétt sund við Flatey, og endurvarp sólarinnar verður margfalt, margar sólar eru á lofti samtímis. Speglar eru viðfangsefni Jóns Gunnars í verkum frá 8. áratugnum. Teikningar geisla í himinhvolfinu. *Hugarorkustöð* 1980 nemur manninn – eða staðfærð veran á/í speglun hafsins. Og síðan taka við verk eins og *Cosmos* 1982. *Draumbátur* 1985. Kjölfar báts. *Sólfar* 1987 ---.

VII. Ef til vill má rekja sum verka Rúriar til áhrifa vetursetu hennar í Flatey. Eyjan er í klakaböndum, ísabrot og jarðbrúnt þangið í róti bylgjunnar, hafið stálgrátt – dimman. *Glerregn* er flateyskt verk svo umtalsvert er. Minnistæður gjörningur var unnin í eyggi og var vísun í samruna manns/ lands/ hafs og framinn á miðnætti við lok/ og upphaf dags. *Jarðljóð* er sjálfstætt framhald þess gjörnings og hefur verið endurfluttur síðar. Fleiri verk Rúriar hafa vísun í náttúrumynd Flateyjar, svo sem gjörningurinn *Sólstöður (Atlot)*, kvikmyndaverk hennar *Items*, að ógleymdum verkum hennar *Tími I, II, III, IV*. Eyjan er umflotin eldstöð. Samruni hafs og elds frá möttli jarðar. Hafa náttúrumögn Flateyjar birst í verkum þeirra listamanna sem hér hefur verið greint frá? Eða í hugarmögnum í samræðu í Vorsölum og í húsum plássins? Maðurinn leitar í umhverfi sitt.

Spurt er um flateyskt upphaf að verkefninu *Experimental Environment*? Frumkvæðið var Rúriar og Jóns Gunnars strax árið 1978, þá í samtali við Jörgen múrara í Kaupmannahöfn. Rúri hafði verið í námi ytra og ef til vill önnur áhrif þar til staðar (*site-specific*). Grunnur að verkefninu var samnorrænt málþing haldið 1979. Ári síðar var framkvæmdin Rúriar í samvinnu við fleiri og með norrænum myndlistarmönnum. Sýningin *Experimental Environment II* 1980 var á Korpúlfsstöðum og utandyra í náttúrunni og svo víðar. Sýningin var andsvar við og markaði skil í samnorræna sýningarflóru þess tíma. Og lokar hér með 8. áratugnum.

Þakkir til Guðmundar Ingólfssonar,
Ingunnar Jakobsdóttur og Rúriar.

Gestavinnustofa SÍM í Berlín

Sari Maarit Cedergren

SÍM heldur úti gestavinnustofu í Berlín sem félagsmenn geta sótt um. Sari Maarit Cedergren var þar í mánuð og deildi upplifun sinni með STÖRU. Dvölin var styrkt af menningarsjóðnum Muggi.



Frá BW námskeiði WOLF



lífræn filmu framköllun

Í hvaða miðil/miðla vinnur þú?

Miðlarnir sem ég vinn með eru þrívíð verk, video og innsetningar

Hvernig líkaði þér dvölin?

Mjög vel, ég dvaldi allan júní, og nýtti vinnustofudvölinu til að kynna lista- og menningarlífi Berlínar þ.á.m. til að skoða helstu listviðburðir og fara á námskeið.

Finnst þér mikilvægt að SÍM bjóði upp á gestavinnustofur í Berlín?

Já, mér finnst það mjög mikilvægt, til að auka viðsýni og bera sig saman við aðra listamenn, en listamenn fá m.a. tækifæri til að sækja söfn og gallerí. Það ættu allir listamenn að finna eitthvað við sitt hæfi eða á sínu áhugasviði.

Nýttir þú tímann til að vinna að einhverju sérstöku verkefni?

Já, ég sótti mér efnivið fyrir ný myndbandsverk úr umhverfinu þar og er byrjuð að vinna verk úr þeim efnivið. Þá vann ég vatnslitaverk þar sem ég skrásetti og gerði samantektir á verðurfari og birtu í Berlín.

Geturðu list hverfinu/umhverfinu í stuttu máli?

Iðandi og skemmtilegt mannlíf, mjög auðveldar samgöngur, stutt að fara með hjóli eða lest, stutt á flugvöllinn, matsölustaðir á hverju horni og ódýrt að borða og drekka.

Sástu einhverjar myndlistarsýningar sem höfðu áhrif á þig?

Já, meðal annars sýningin *FROM BERLIN SECESSION TO THE PRESENT* í Berlinische Galerie, átundi *Berlin Biennale 2014*. Sýningar Ai Weiwei, *Evidence* og Hans Richter *Encounters, from Dada till today*. Sýningar í Bauhaus Archiv og Hamburger Bahnhof Museum für Gegenwart. Úrval á verkum m.a. Joseph Beuys, Andy Warhol og Robert Rauschenberg í Dada Berlin. *The Neue Sachlichkeit* sýning á verkum Austur-Evrópskra „avant-garde“, og arkitektúr sýning í HISTORICAL AND NEW BERLIN. Museum Berggruen Picasso með verkum Francisco Goya, Klee, Matisse, Braque og Giacometti og margar fleiri.

Mælirðu með því að íslenskir myndlistarmenn fari út í gestavinnustofuna?

Já, ég mæli tvímælalaust með því. Ef listamenn hafa áhuga á að kynast myndlist og sögu í Evrópu, þá ættu þeir að fara til Berlínar og njóta þess sem þar er í boði.



eldhús

Að breyta tímabundið um umhverfi getur verið stór og mikilvægur þáttur í listsköpunarferlinu

Sérðu fyrir þér að fara aftur?

Já, örugglega.

Hvað stendur upp úr eftir ferðina?

Það sem stendur upp úr er án efa kvikmyndanámskeiðið, „BW analogue film developing workshop at WOLF“. Um var að ræða tveggja daga námskeið, þar sem unnið var með upptökur, framköllun og sýningu á super 8 filmu og umhverfisvænni framköllun þar sem notuð var kaffi og límona. Þar voru einnig sýningar með áhugaverðum listamönnum auk þess sem almenningi bauðst að koma með sínar eigin super 8 filmur og sýna og var frábær stemning meðal þátttakenda í bíósalnum.

Hvað kemur þú með heim í farteskinu eftir dvölinu?

Ég tel að þessi dvöl hafi veitt mér ómetanlega innsýn í alþjóðlega listviðburði og tengsl við aðra menningu. Að breyta tímabundið um umhverfi getur verið stór og mikilvægur þáttur í listsköpunarferlinu. Það býður upp á kjörið tækifæri til að öðlast meiri víðsýni, fá ný og spennandi sjónarhorn og verða fyrir nýjum áhrifum. Áhrifin leynast víða í iðandi mannlífi borgarinnar og sögulegu umhverfinu, listamaðurinn þarf einungis að opna sig fyrir fjölbáttum áhrifunum og leyfa þeim að virka.



svefnherbergi og vinnustofa



Ljósmynd Anna Domnick



Ljósmynd Anna Domnick

KORPÚLFSSTAÐIR

Stórbýlið Korpúlfsstaðir í útjaðri Reykjavíkur hýsti áður mjólkurkúr og vinnufólk. Nú una þar saman listamenn, hönnuðir, golfarar og eldri borgarar.

Stórhugur mjólkurframleiðandans kom að lokum listinni til góða og í þessu reisulega húsi þar sem hátt er til lofts og vítt til veggja er nú stunduð annars konar framleiðsla.

SÍM, hefur frá árinu 1996 haft hluta Korpúlfsstaða til afnota undir vinnustofur fyrir félagsmenn og í janúar 2006 var Sjónlistamiðstöðin á Korpúlfsstöðum formlega stofnuð, en að henni standa SÍM og Hönnunarmiðstöð Íslands.

Í Sjónlistamiðstöðinni eru vinnustofur fyrir u.þ.b. 40 myndlistarmenn og hönnuði. Þar er auk þess þriggja herbergja gestaíbúð, sýningarsalur sem einnig er leigður út fyrir ýmsa viðburði, textílverkstæði, leirverk-

stæði, gallerí og nú á haustmánuðum stendur til að enn meira líf færist í húsið þegar Litli Bóndabærinn opnar veitingasölu í stóra bóndabænum á Korpúlfsstöðum. Galleríið er opið fjóra daga í viku og kaffihúsið ætlar að hafa opið sömu daga.

Fjórum sinnum á ári eru dyr Korpúlfsstaða opnaðar upp á gátt og gestir boðnir velkomnir í heimsókn á vinnustofur „íbúanna“. Síðasta opna hús þessa árs verður fimmtudaginn 27.nóvember, frá síðdegi fram á kvöld. Vinnustofur verða opnar, Litli Bóndabærinn verður með kaffisölu, tónlist mun óma um húsið og í víðáttu hlöðuloftsins (stóra salnum) verður myndlistasýning.



dagur

MYND
LISTAR

1. nóvember 2014

dagskrá

31. október 2014

Setning Dags myndlistar í Iðnó kl. 16:00. Afhentur verður undirskriftalisti SÍM til fjárlaganefndar um að falla frá fyrirhuguðum niðurskurði til Myndlistarsjóðs.

Vinnustofur á vefnum

Á heimasíðu Dags Myndlistar má kíkja í vinnustofuheimsókn til listamanna úr stofunni heima með því að fara á www.dagurmyndlistar.is.

1. nóvember 2014

Listamenn opna vinnustofur sínar fyrir gestum og gangandi víðsvegar um landið. Kynnið ykkur staðsetningar á www.dagurmyndlistar.is.

Greinaskrif

Birtar verða fimm greinar um mikilvægi myndlistar og myndlistarmanna. Höfundar eru: Edda Sigurjónsdóttir, Katrín Jakobsdóttir, Kári Finnsson, Ragnar Kjartansson og Tinna Guðmundsdóttir.

www.dagurmyndlistar.is

Viðburðir og opnar vinnustofur 1. nóvember 2014

*Kíktu í heimsókn, heitt á könnunni og list í hverju horni.
Dagur myndlistar er haldinn í fimmta sinn 1. nóvember 2014
og eru opnar vinnustofur frá 14-17 víðsvegar um landið.*

Á Degi myndlistar gefst fólkinu í landinu tækifæri til að skyggjast inn í líf myndlistarmannsins og koma í heimsókn á vinnustofur þeirra. Vinnustofur SÍM verða opnar víðsvegar um bæinn en einnig má fara á vinnustofur ótengdar SÍM á höfuðborgarsvæðinu sem og úti á landsbyggðinni.

Þennan heim myndlistarmannsins má jafnframt nálgast úr hæfilegri fjarlægð með aðstoð internetsins og fara á heimasíðu verkefnisins, www.dagurmyndlistar.is. Þar ber að líta stutt myndbönd þar sem spjallað er við myndlistarmenn í þeirra starfsumhverfi.

Í kjölfar Dags myndlistar býður SÍM öllum grunn- og framhaldsskólum landsins upp á kynningu myndlistarmanna í skólunum þeim að kostnaðarlausu. Þessar kynningar hafa farið einstaklega vel fram og hafa margir skólar gert þær að árlegum viðburði innan skólastarfsins. Árið 2013 tók 21 skóli þátt í verkefninu, bæði á höfuðborgarsvæðinu sem og á landsbyggðinni. Markmið kynningarinnar er að kynna starf myndlistarmannsins fyrir nemendum og auka þannig skilning á myndlist sem starfsgrein.

Íslensk grafík

Á Degi myndlistar verður opið í sýningarsal félagsins Íslensk grafík, Tryggvagötu 17, hafnarmegin. Félagið fagnar á þessu ári 45 ára afmæli sínu og hefur nýverið staðið fyrir mikilli afmælisdagskrá, m.a. afmælisýningu með verkum félagsmanna í Artóteki Borgarbókasafnsins. Það tekur einnig taka þátt í tveimur sýningum í Boston í október og nóvember. Afmælisýningin verður tímabun-

dið sett upp í sal félagsins ásamt fleiru sem gefur góða mynd af blómlegu starfi félagsins. Um 70 félagsmenn eru í félaginu og eru virkir listamenn á sínu sviði, en félagið rekur verkstæði og sýningarsal eins og áður segir að Tryggvagötu 17.
Opið frá 14-17

Opnar vinnustofur SÍM opið frá 14-17

Súðavogur 3

*Valgerður Hauksdóttir – Margrét Zóphóni-
asdóttir – Anna Sigríður Hróðmarsdóttir –
Halla Birgisdóttir – Valgerður Hauksdóttir
Sjofn Har – Guðbjörg Lind Jónsdóttir –
Kristín Geirsdóttir*

Nýlendugata 14

Beate Körner

Seljavegur 32

*Halldóra Emilsdóttir – Þórey Eypórsdóttir
Inga Elín – Unnur Sæmundsdóttir –
Leirlistavinnustofan Okkur*

Korpúlfsstaðir

*Ásdís Þórarinsdóttir – Sólveig Dagmar
Thorisdóttir – Ninný Magnúsdóttir –
Anna Þ. Guðjónsdóttir – Beta Gagga Dóra –
Kristín Halldórsdóttir – Elva Hreiðarsdóttir*

Lyngás 7 Garðabæ

Sara Elísa Þórðardóttir og Sara Oskarsson

*Aðrar opnar vinnustofur á
höfuðborgarsvæðinu*

Hrönn Vilhelmsdóttir

Textíll, vinnustofa Hrannar Vilhelmsdóttur textíllistamanns er á Lokastíg 28, efstu hæð Café Loka. Hrönn verður á vinnustofunni og fræðir gesti og gangandi um ferlið í textílverkum sínum. Verið velkomin. Opið 14-17.

Kunstschlager

Rauðarárstíg 1, 105 RVK. Opið 14-18.

„Opið verður bæði í galleríinu og í vinnustofunum í kjallaranum á Kunstschlager. Léttar veitingar verða í boði sem og list á hagstæðu verði frá meðlimum Kunstschlager.“

Meðlimir Kunstschlager: Baldvin Einarsson, Guðlaug Mía Eypórsdóttir, Helga Páley Friðþjófsdóttir, Helgi Þórrsson, Kristín Karólína Helgadóttir, Hrönn Gunnarsdóttir, Sigmann Þórðarson og Þórdís Erla Zoëga.

Guðrún Benedikta Elíasdóttir

Reynihvammur 11, 200 Kópavogur.

Gunnhildur Þórðardóttir

„Ég mun opna sýningu í bílnum mínum sem er fyrsta sýningin í gallerí Bíll og mun ég fyrst sýna hann í Keflavík, keyra hann í Hafnarfjörð, Garðabæ, Kópavog og enda í Reykjavík. Þetta er sýningarverkefnið *Órói, ferðasaga úr bíl*. Allir velkomnir og kaffi á boðstólnum. Hægt verður að fylgjast með á fésbókarsíðu bílsins: Mobile Gallery/Gallerí Bíll.“

Kristín Pálmadóttir

Melabraut 21 (gengið inn um garð), Melabrautar-
megin, Seltjarnarnesi. Opið 14-17.

MessíanaTómasdóttir

Vesturströnd 2, Seltjarnarnesi. Opið 14-17.

Sigurdís Harpa Arnarsdóttir

Njálsgata 62, 3. hæð, 101 Reykjavík. Opið 14-17.

Soffía Sæmundsdóttir

*Thank you for the music, Þrettán daga þak-
kargjörð*. Sýning ofl. á vinnustofu Soffíu, For-
nubúðum 8, Flensborgarhöfn Hafnarfirði
31.október - 13.nóvember. Opið 14-17.
Spjall um verkin kl. 15.

*Opnar vinnustofur á
landsbyggðinni*

Guðrún H. Bjarnadóttir
Dyngjan-listhús, er í landi Fífilbrekku Eyja-
fjarðarsveit. Opið 14-17.

Íris Lind
Vinnustofa í Sláturhúsinu – Menningarmiðstöð
Fljótsdalshéraðs. Opið 14-17.

Ólöf Björk Bragadóttir
Vinnustofa mín er í “réttinni” á efri hæð
Sláturhússins á Egilsstöðum. Opið 14-17.

Anna Gunnarsdóttir
Hvítspói art studio & gallery Brekkugata 3a 600
Akureyri. Opið 14-17.

Sossa
Mánagata 1 230 Keflavík. Opið 14-17.

Hrefna Hardardóttir
Einkasýning mín *Athafna-konur* er í Sal
Myndlistarfélagsins í Listagilinu Akureyri.
Opið 14-17.

Ragnheiður Björk Þórsdóttir
Kaupvangsstræti 21, Akureyri. Opið 14-17.

Guðrún Arndís Tryggvadóttir
Vinnustofan er í gulum bílskúr að Breiðahvammi
í Ölfusi. Breiðihvammur liggur innan hreppa-
marka Ölfuss en er þó í raun eins og hluti Hvera-
gerðis. Breiðihvammur liggur við ónefndan veg
ofan Varmár, skammt frá Sundlauginni í Laug-
arskarði. Keyrt er yfir brúna yfir Varmá í átt að
sundlauginni en beygt til hægri við skilti um
þar til komið er að gulu húsi og gulum bílskúr.
Opið 14-17.

Hlökkum til að sjá ykkur!



Að staldra við

Kári Finnsson

Við Sæbrautina er hægt að sjá nokkuð einstakt listaverk eftir Sigurð Guðmundsson sem nefnist Fjöruverk. Við fyrstu sýn er það í raun ekki augljóst hvort um listaverk sé að ræða. Flestir keyra eflaust framhjá því daglega, í og úr vinnu, án þess að gefa því nokkurn gaum.

Ástæðan er sú að verkið samanstendur af handslípuðum granítsteinum inni í sjálfri strandlengjunni, rétt eins og þeir séu sjálfsgaður hluti af henni. Það er aðeins við nánari skoðun – þegar maður staldrar við verkið – sem maður áttar sig á því að eitthvað er ekki alveg eins og það sýnist.

Ég hugsa stundum um Fjöruverk Sigurðar þegar ég velti fyrir mér hlutverki myndlistar og hvernig almenningur upplifir myndlist í sínu daglega lífi. Einhvers konar myndlist verður á vegi okkar næstum daglega. Það getur verið listaverk í almannarými eins og Fjöruverkið eða stytta af Leifi Eiríkssyni, málverk í andyrri vinnustaðar þíns eða lítil teikning í stofunni heima hjá þér og auðvitað hafa öll þessi listaverk mismikil áhrif. Þrátt fyrir þetta mikla framboð á myndlist verður hins vegar að segjast að það virðast ekki margir hafa neinn sérstakan áhuga á henni.

Þetta segi ég vegna þess að ég heyri mjög sjaldan almenna umræðu um myndlist. Ef hún á sér einhvern tímann stað þá er það yfirleitt um miðjan janúar þegar það er opinberað hverjir fá úthlutað listamannalaunum. Þá tekur yfirleitt við sama gamla rausið um að listamenn „nenni ekki að vinna alvöru vinnu“ og þar fram eftir götunum.

Vissulega er það ekki skoðun allra að listamenn séu einhvers konar afætur á samfélaginu, en það segir ýmislegt um afstöðu þjóðarinnar gagnvart menningunni þegar svona stórum hópi finnst sjálfsgagt að gera lítið úr óeigingjörnu starfi íslenskra myndlistarmanna.

Það þótti sjálfsgagt upp úr aldamótunum 1900 að veita listamönnum brautargengi þrátt fyrir að við sem þjóð hefðum ekki mikið á milli handanna. Í þá daga var nánast enginn myndlistarmaður í fullu starfi sem slíkur. Við áttum engin söfn, engin gallerí og hægt var að telja stytur bæjarins á fingrum annarrar handar. Margt hefur breyst til batnaðar frá þeim tíma, ekki síst vegna þess að við höfum vanist því að þykja listin sjálfsgagt hluti af lífi okkar.

Mesti stuðningurinn sem hægt er að veita myndlistarflórunni á Íslandi felst nefnilega ekki bara í fjárveitingu (þótt hún sé alltaf velkomin) heldur einnig í virðingu og þakklæti. Myndlistin er nefnilega ekki afgangsstærð, hún er ekki bara til skrauts eða fegrunar, heldur getur hún fengið okkur til að sjá lífið í kringum okkur í nýju ljósi þegar vel tekst til. Þegar myndlistarmanni tekst að hreyfa við okkur með verkum sínum þá á hann alla okkar virðingu skilið.

Það er alls ekki sjálfsgagt að þetta lítil þjóð geti verið með jafn ríka flóru af myndlist og raun ber vitni. Ekki er hægt að ganga út frá því sem vísu að sá veruleiki sé varanlegur. Hann getur gerbreyst ef við hlúum ekki nógu vel að honum. Til að varðveita og jafnvel efla íslenska myndlist enn frekar þurfum við að taka höndum saman. Hvert og eitt okkar þarf að mæta myndlistinni með opnum hug. Í þessu felst ekki áskorun um að lofsama allt sem fyrir augu ber, heldur hvatning til að staldra við og vera undir það búinn að eitthvað sé ekki alveg eins og það sýnist.



Myndlist og hugsun

Katrín Jakobsdóttir

Hvaða áhrif hefur listin á það hvernig við tökum ákvarðanir í okkar daglega lífi?

Í heimi þar sem sjónrænt áreiti er endalaust er það eigi að síður svo að góð listaverk geta haft jákvæð áhrif á líðan okkar og hugsanir sem beint og óbeint eru forsendur allrar ákvarðanatöku. Myndlistin og sjónlistirnar hafa þróast mikið seinustu áratugi. Listgreinar renna saman í margháttuðum gjörningum og stundum skiljum við, sem eigum til að vera föst í hefðbundnum og gömlum skilgreiningum á listgreinum, ekki nákvæmlega hvað gerir myndlist að myndlist. Og gleymum því að það skiptir kannski ekki öllu máli, mestu skiptir sú upplifun sem verkið veitir okkur, sá innblástur sem það getur orðið okkur.

Flest hengjum við upp myndir í kringum okkur og þær geta skýrt fyrir sjálfum okkur og öðrum hver við erum. Myndir barnanna okkar, myndir jafnvel eftir okkur sjálf eða látna ættingja, myndir sem okkur þykir vænt um því þær eru fallegar, vekja með okkur tilfinningar eða styðja við okkur í daglega lífinu. Daglega horfi ég á verk eftir Ólaf Ólafsson og Libiu Castro sem minnir mig á hve auðvelt það getur verið að svipta fólk réttindum. Daglega horfi ég á skúlptúr eftir Erling Jónsson myndhöggvara sem minnir mig á að dramb er falli næst. Daglega horfi ég á styttuna af Jóni Sigurðssyni sem minnir mig á að við erum sjálfstæð þjóð og verk Santiago Sierra sem minnir mig á mikilvægi borgaralegrar óhlýðni. Ég horfii líka á skip pabba Línu Langsokks og stóran ruslafugl sem minnir mig á að ímyndunaraflinu virðast lítil takmörk sett.

Listin og mennskan

Öll góð list í umhverfinu hjálpar okkur að muna af hverju við erum menn. Listamenn fást við mennskuna og samspil hennar við náttúru og tækni, og með verkum sínum dýpka þeir skilning okkar á umheiminum og

styrkja sjálfsþekkingargreind okkar. Þess vegna er myndlistin mikilvæg því hún gerir okkur að betri og meiri mönnum.

En listin eykur líka fegurðina í lífi okkar, sem oft er vanmetin. Við gerum okkur hugsanlega ekki grein fyrir því dags daglega hve umhverfið skiptir okkur miklu. Að lifa í eilífu skammdegi grárar bygginga þar sem ekkert brýtur upp umhverfið, ekki sést stingandi strá eða eitt listaverk, hlýtur að hafa önnur áhrif á sálina en að hafa græn lungu í þéttbýlinu; fjölbreyttan og framsækinn arkitektúr og að almenningur hafi aðgang að spennandi og ögrandi listaverkum.

Í tilefni af Degi myndlistar hvetur Samband íslenskra myndlistarmanna okkur öll til að hugsa um mikilvægi myndlistar og myndlistarmanna í samfélagi okkar. Ég er ekki í nokkrum vafa um að myndlist getur haft gríðarleg áhrif á líðan og geð okkar allra, getur hjálpað okkur að öðlast dýpri skilning og þekkingu á tilvistinni og gert okkur öll að betri mönnum.

Þetta mætti Alþingi hafa í huga nú þegar þar er fjallað um fjárlagafrumvarp ársins 2015 en þar er lagt til að skera niður myndlistarsjóð í 15 milljónir sem er þriðjungur þess framlags sem hann fékk við stofnun 2013. Þessi litli sjóður hefur haft jákvæð áhrif eftir að hann kom til og má vart vera minnni. Sú ráðstöfun að skera hann niður hlýtur að hafa neikvæð áhrif á umhverfi okkar og lífsgæði og kannski meiri en við áttum okkur á við fyrstu sýn. Markmið okkar allra ætti að vera þveröfugt; að efla þessa listgrein eins og aðrar.

Fréttir af akri allsnægtanna

Edda K. Sigurjónsdóttir



Hugrekki og gagnrýnin, skapandi hugsun eru undirstaðan í starfi myndlistarmannsins. Að njóta myndlistar nærir og örvar gagnrýna hugsun, sem sennilega er það sem okkur skortir einna mest.

Finum við hvað við raunverulega trúum á í hjartanum og fylgjum því – án þess að miðla sífellt málum, samþykkjum það sem síðasti ræðumaður sagði eða erum við hálfðofin og látum yfir okkur ganga framkvæmdir drifnar af skammsýni og eiginhagsmunum?

Myndlistin getur hjálpað okkur á margan hátt. Með því að njóta myndlistar má virkja ímyndunaraflíð og næra gagnrýna hugsun. Og með því að fjárfesta í myndlist má nýta ótalmörg ónýtt sóknarfæri, efla stóran atvinnuveg og meira að segja skapa fullt af tekjum fyrir land og þjóð. Þó tekjurnar séu ekki í öllum tilfellum beinar eru nefnilega líka stunduð alvöru viðskipti í myndlist.

Það eru alltaf kyndilberar í hverri grein sem halda ótrauðir inn í óvissuna. Með músuna sér við hlið geta þau við góðar aðstæður verið neistinn og sprekið sem hleypa af stað ofsakröftugu báli, hverfa svo sjálf inn í eldhafið en þjóna lykilllutverki í heildarsamhenginu. Mér finnst eins og ég sé daglega umkringd mörgum svona hugrökkum manneskjum með skýra sýn og mig langar oft til að margfalda og magna upp raddir þeirra og gjörðir svo allir heyri, en finnst um leið eins og það nenni eiginlega enginn að hlusta – að súrefnismagnið til að glæða bálið sé sífellt minnkað.

Ég held að óþægilega mörgum í samfélaginu okkar, allsnægtarsamfélaginu, líði langt í frá vel og séu óafvitandi með banana í eyrunum. Það er skrýtið til þess að hugsa að við virðumst oft velja að dvelja í vondu ástandi og leyfa því að versna, þótt við höfum öll tromp á hendi til að prófa aðra leið. Við erum

umvafin safaríkum efnivið hér á akri allsnægtanna og við erum umkringd ævintýralegum óravíddum, urmli hugmynda og tækifæra og ónýtttra sóknarfæra. Í fjarska kunna þessar óþekktu leiðir að virðast aðeins fyrir djarfa eldhuga að halda inn á. En mikið væri gott að finna hugrekkið og fara saman, kynda bálið og virkja eigin skilningarvit, finna hvað hjartað kallar á og finna ónýtta kraftinn sem við eigum sjálf.

Mér þætti gaman ef við myndum nýta skapandi titringinn og eldmóðinn í myndlistarlandslaginu hér, virkja hann og margefla. Það er fyrir menninguna og náttúruna sem fólk vill heimsækja Ísland og upp á þær þurfum við að passa. Virkjum menninguna og verndum náttúruna. Þetta ætti að vera augljóst mál hvort sem litið er á það frá sjónarmiði andlegra eða veraldlegra gæða.

Undirrituð hefur á undanförunum árum framleitt ýmis verkefni og fengið ágæta innsýn inn í innviði hinna ýmsu menningarstofnana, listamannareknu rýma, safna og gallería og inn í líf og þróun verka fjölmargra myndlistarmanna, hönnuða og annarra sem byggja afkomu sína á sköpunarkraftinum. Ég held að peningar séu á fáum sviðum eins vel nýttir og í menningunni en tækifærin eru ótalmörg vannýtt. Mótframlag listamanna er líka ómælt enda alkunnugt að mikils ósamræmis gætir á milli vinnuframlags og tekna.

Skál fyrir myndlistinni



Ragnar Kjartansson

Í kaffi, bjór, djús eða kampaívini, eða bara Egils Kristal ef maður vill vera betri en hinir. Já, bræður og systur, í dag er dagur myndlistar. Dagur listformsins sem mótar sjónrænan veruleika okkar niður í minnstu smáatriði.

Myndlistin er nefnilega mamma hönnunar, auglýsinga, tísku og eiginlega bara útlits alls þess manngerða sem við sjáum nú til dags. Já, hyllum þetta stórkostlega form mannglegrar tilvistar. Ég vinn sem myndlistarmaður en fyrst og fremst er ég myndlistaráhugamaður. Myndlistin er svo víðfem, það er vonlaust að skilgreina hana. Hún er alltaf að kanna nýjar formlausar lendur og umbreyta þeim í form, listaverk. Myndlistin er alltaf skrefi framar í hugmyndum en allt annað. Pönkið byrjaði í myndlistinni 1913. Já, skál fyrir myndlist.

Hér á Íslandi er kvik og brjáluð myndlistarsena. Hún hefur verið að springa út undanfarið og nú er rætt um íslenska myndlistarmenn á kaffihúsum Parísar og diskóbörum New York borgar. Ég er þakklátur fyrir að búa á landi sem er iðandi af myndlistarlífi. Hér er allt fullt af listamönnum og áhorfendum. Hér er fólk á útkjálka sem lætur sig framþróun mannsandans einhverju varða. Skál. Myndlist er frelsi. Ég veit ekki um neinn bransa sem gengur jafn mikið út á frelsi í hugsun, frelsi til að gera nákvæmlega það sem maður vill og þá virki það.

Ég hef einu sinni grátið fyrir framan listaverk. Það var *Merda d'artista* eftir Piero Manzoni. Þetta eru ltilar niðursuðudósir með mannaskít listamannsins frá 1961. Þegar ég sá verkið var dósinn að verða 50 ára gömul. Listamaðurinn löngu dáinn. Eftir stóð þessi bjarti, prakkaralegi

og magnaði hlutur. Það er ómöglegt að útskýra fyrir einhverjum ruddum af hverju ég grét, en ég gerði það. Manzoni var svo frábær, dó svo ungur og þetta verk á eftir að lifa um aldir, hvað sem á dynur. Þetta var hans niðurstaða um hvað það er að lifa, vera til og vera listamaður - hvað listin er. Hún er nefnilega hin eiginlega gullgerðarlist. Að gera gull úr skít. Magnað. Ég nenni samt ekki að tala um efnahagslegan ávinning samfélagsins af listinni, afleidd störf, styrkingu ferðamannaíðnaðarins og allt hitt sem óhjákvæmlega fylgir frábærri listasenu. Það er bara afskaplega jákvæð hliðarverkun. Myndlistin er svo mikil andans gjöf fyrir hvern og einn einasta sem setur sig inn í hana. Að njóta myndlistar eru mikil lífsgæði sem standa öllum til boða. Góðir hálsar, myndlist er að finna til. Við verðum að elska listaverk, þá skiljum við það. Við verðum að elska listina þá skiljum við hana. Þannig að þeir sem bölvu listinni og listamönnum eru örgustu vitleysingar sem kunna ekki að elska. Æ ég tala bara svona af því að það er dagur myndlistar og þá má ég taka blaðið frá munninum. Lyftum kaffibollanum hátt á loft og hvíslum „skál fyrir myndlistinni og elskum þetta helvíti“.

Listir eru hreyfiafl

Tinna Guðmundsdóttir

Forstöðukona Skaftfells, myndlistarmiðstöð Austurlands



Á Degi myndlistar opnaði í Skaftfelli samsýningin Soð þar sem ellefu lokaársnemar úr myndlistardeild Listaháskóla Íslands sýna ný forvitnileg verk unnin alfarið á Seyðisfirði.

Þetta mun vera fimmtándi hópurinn sem ferðast Austur til að taka þátt í námskeiðinu Vinnustofan Seyðisfjörður undir stjórn Björns Roth og Kristjáns Steingríms. Sýningin er lokastigið í námskeiðinu og er iðulega ein best sótt sýning ársins í Skaftfelli enda einstætt tækifæri fyrir Austfirðinga til að koma saman og sjá hverju listamenn framtíðarinnar eru að vinna að. Fyrir þátttakendur er námskeiðið ógleymanleg lífeynsla og upplifun. Fyrir Skaftfell er námskeiðið mjög mikilvæg tenging við grasrótina í íslensku listalífi.

Ég var svo lánsöm að taka þátt í þessu námskeiði árið 2002 og fá að kynna Seyðisfirði og Skaftfelli. Sú reynsla hafði afgerandi áhrif á mig og mitt líf. Nú 12 árum seinna þegar ég vinn með þessum nemendum að undirbúningi sýningarinnar kemst ég ekki hjá því að velta fyrir mér hverjir halda áfram að stunda listsköpun, hverjir fara í framhaldsnám og hverjir feta annan veg. Á sínum tíma tók ég þá ákvörðun að fara skynsömu leiðina, til að eiga í soðið, og mennta mig í einhverju hagnýttu sem tengist minni ástríðu, myndlist.

Starfsumhverfi þessa nema er gjörólíkt því sem ég kynntist við mína útskrift og að mestu leyti í jákvæðum skilningi. Undanfarin ár hafa stjórnvöld unnið mjög gott starf við úttekt og umbætur á stjórnsýslu umgjörðinni. Nýlega var unnin rannsóknarvinna þar sem tekin voru saman hagræn áhrif skapandi greina og niðurstaðan var athyglisverð. Í ljós kom að virðisaukaskattskyld velta þessa afkima var 189 milljarðar árið 2009 og ársverk um 9.400 talsins. Í kjölfarið var settur saman starfshópur sem vann að stöðuúttekt og setti fram tillögur um bætt starfsumhverfi sem eru löngu tímabærar. Auk þess lögðu íslensk stjórnvöld fram menningarstefnu,

ný safnalög komu fram og það sem mestu máli skiptir í mínu fagi, ný myndlistarlög voru sett árið 2012 og til varð myndlistarsjóður. Ísland er þar með komið með ágætis stuðningsnet fyrir listir, myndlist þar með talið, sem er hliðstætt kollegum okkar á Norðurlöndunum.

Tilurð myndlistarsjóðs er alger umbylting fyrir þá sem starfa í myndlistargeiranum og fjölbreyttan hóp þeirra sem njóta myndlistar. Í fyrsta sinn er komin sjóður sem leggur áherslu á framleiðslu verkefna eingöngu tengd myndlist, en ekki líknar- og menningarmál í sama flokki eins og fyrirkomulagið er hjá mörgum samfélagssjóðum. Í fyrsta sinn er mögulegt að þróa verkefni út frá listrænu gildi þess og tryggt að verkefnið verði metið á þeim forsendum, en ekki til hvaða markhóps kynningarefnið nær. Í fyrsta sinn er hægt að gera raunhæfa kostnaðaráætlun og fá úthlutað þeirri fjárhæð sem sótt er um, en ekki tilfallandi upphæð sem er í engu samhengi við framsett gögn. Nú loksins er hægt að leita í ákveðinn farveg með innihaldsrík verkefni með listamönnum og fagaðilum úr geiranum. Myndlistarsjóður er hvatning til þess að bretta upp ermarnar og framleiða verkefni sem stuðla að frumsköpun og framþróun í íslenskri myndlist.

Með þessa uppbyggingarstarfsemi síðustu ára að leiðarljósi er komin grundvöllur fyrir því að fara að fordæmi Evrópusambandsins og auka stuðning og fjárframlög til lista. Höfum trú á þessum úttektum og tölfræðinni, höfum trú á listamönnum og fagmönnum, höfum trú á listum sem hreyfiafli. Höldum áfram að byggja upp stuðningskerfi fyrir listir á Íslandi og þar með stöðugt starfsumhverfi fyrir þá sem hafa atvinnu af listum.

SÍM þakkar öllum listamönnum sem komu að þáttöku og framkvæmd Dags myndlistar. Við hefðum aldrei getað gert þetta án ykkar.

Lifi listin!

STARFSMENN SÍM



Jóna Hlíf Halldórsdóttir
Formaður



Ingibjörg Gunnlaugsdóttir
Framkvæmdastjóri



Hildur Ýr Jónsdóttir
Verkefnastjóri SÍM Residency



Arna Óttarsdóttir
Skrifstofustjóri



Friðrik Örn Weissappel
Umsjón fasteigna



Þórólfur Árnason
Bókari

Útgefandi
Samband íslenskra myndlistarmanna

Forsíðumynd
Logi Bjarnason
„Kite“

Hönnun og uppsetning
Elísabet Brynhildardóttir

Ljósmyndir
Hugi Hlynsson, Anna Domnick, Eirún Sigurðardóttir, Heiðar Kári Rannversson, Finnur Arnar Arnarsson, Sigurður Valur Sigurðsson, Logi Bjarnason, Arna G. Valsdóttir, Math Monahan, Sari Maarit Cedergren og Guðmundur Ingólfsson

Prófarkalestur
Auður Aðalsteinsdóttir

Þýðandi
Habby Osk

Ábyrgðarmenn
Stjórn SÍM

Stjórn SÍM
Jóna Hlíf Halldórsdóttir formaður
Erla Þórarinsdóttir varaformaður
Gunnhildur Þórðardóttir ritari
Kristjana Rós Guðjohnsen meðstjórnandi
Steingrímur Eyfjörð meðstjórnandi
Rósa Sigrún Jónsdóttir varamaður
Sigurður Valur Sigurðsson varamaður

Samband íslenskra
myndlistarmanna

SÍM The Association of
Icelandic Visual Artists

Hafnarstræti 16
101 Reykjavík
sími: 551 1346
sim@sim.is
www.sim.is

